
Reykjavík, 17. nóvember 2026
USK26100376

**Bergstaðastræti 60 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM**


Lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar, dags. 22. október 2026, um að setja svalir og kvist á 3. hæð hússins á lóð nr. 60 við Bergstaðastræti, samkvæmt uppdr. Joda arkitekta, dags. 15. október 2026.



*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*



*Grunnmynd rishæðar*


*Útlit rishæðar*

**Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 2 - Miðborg og er hluti af íbúðarsvæði, ÍB12.

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina. Lóðin er á svæði sem fellur undir ákvæði hverfisverndar innan Hringbrautar.

**Umsögn**

Upphaflegt byggarár hússins að Bergstaðastræti 60 er ekki skráð en skv. húsverndarkorti Borgarvefsjár er húsið aldursfriðað. Því þarf að leita álits Minjastofnunar Íslands á fyrirhuguðum breytingum.

Húsið á lóð nr 60 við Bergstaðastræti er upphaflega einnar hæðar hús á kjallara með tvíhalla þaki. Allt frá árinu 1927 hefur margsinnis verið byggt við húsið. Í dag er húsið mun stærra að grunnfleti en upphaflega og orðið tvær hæðir auk kjallara og rishæðar með kvistum á þremur hliðum.

Fyrirspurnarteikningar sýna nýjan kvist á norðausturhlið, af svipaðri gerð og kvistur sem fyrir er á þeirri hlið, ásamt inndregnum svölum á milli kvista. Þessi útlitsbreyting er í samræmi við fyrri breytingar. Gerð innbyggðra svala í risi er til bóta fyrir öryggi íbúa.

**Niðurstaða**

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við fyrirspurn en bent er á að leita verður álits Minjastofnunar Íslands þar sem húsið er aldursfriðað. Grenndarkynna þarf byggingaleyfisumsókn.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

**F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**
Sigríður Maack, arkitekt / verkefnastjóri

Reykjavík